



LANDSSAMBAND
SUMARHÚSAEIGENDA

Velferðarnefnd
Alþingi
Austurstræti
101 Reykjavík

nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 28. október 2014

Umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, þingskjal 233 – 207 mál.

Landssamband sumarhúsaeygenda, sem eru hagsmunasamtök sumarhúsaeygenda, telur það athyglisvert að af þeim tíu tugum félaga og stofnana sem fá frumvarpið til umsagnar þá er það ekki sent Landssambandi sumarhúsaeygenda. Ein þeirra stjórnslunefnda sem verða sameinaðar í úrskurðarnefnd velferðarmála er kærunefnd húsamála. Henni er ætlað að skera úr ágreiningi milli einstaklinga eða félaga og einstaklinga í frístundahúsabyggð skv. lögum nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, og snertir því málefni Landssambandsins mjög mikið.

Landssamband sumarhúsaeygenda fagnar framkomnu frumvarpi til laga um nýja úrskurðarnefnd velferðarmála.


Tilgangur frumvarpsins er að sameina sjö sjálfstæðar stjórnslunefndir en hlutverk hvernar þeirra um sig hefur verið að endurskoða ákvarðanir stjórnvalda í málum einstaklinga eða skera úr ágreiningi milli einstaklinga eða félaga og einstaklinga, þar á meðal er kærunefnd húsamála. Henni er ætlað að skera úr ágreiningi milli einstaklinga eða félaga og einstaklinga í frístundahúsabyggð, *p.m.t. mat á ársleigu framlengds leigusamnings*. Kærunefnd húsamála og undanfari hennar *úrskurðarnefnd frístundahúsamála* hefur unnið gott starf og skorið úr ágreiningi milli málsaðila en málshraði hefur ekki verið boðlegur. En tilgangur þessara stjórnslunefnda er að greiða úr ágreiningi milli aðila fljótt og vel á stjórnslustigi til að spara málsaðilum að fara með ágreininginn fyrir dómstóla, þótt sú leið sé ávallt fær. Landssambandið fagnar því mjög að með nýrri skipan mála og sameiningu þessara stjórnslunefnda þá verði ráðnir þrjú starfsmenn til fimm ára, formaður og tveir varaformenn sem hafa það að aðalstarfi að stýra starfi nefndarinnar ásamt föstu starfslíði. Þá skal ráðherra skipa sex aðra nefndarmenn til fjögurra ára ásamt varamönnum sem hafi það starf að aukastarfi. Það gefur ráðherra færi á að skipa breiðan hóp fagmanna til að fjalla um hin ólíklegustu deilumál sem vísað verður til nefndarinnar. Með þessu fyrirkomulagi má vænta þess að málin gangi miklu mun greiðar en gerist í dag. Fyrri breyting á lögum nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, um skipun nefndarmanna kærunefndar húsamála við sameiningu þriggja nefnda, var mjög misráðin, þ.e. að hafa skipan nefndarmanna óbreytta frá ákvæðum laga um fjöleignarhús.

Landssambandið styður það alshugar að allir nefndarmenn verði eingöngu skipaðir af ráðherra án ihlutunar hagsmunasamtaka. Gefur það starfi nefndarinnar trúverðugra yfirbragð.

Benda má að lokum á umsögn þáverandi úrskurðarnefndar frístundamála til félags- og tryggingamálanefndar, dags. 5. maí 2010, við tillögu frumvarps um skipan kærunefndar húsmála en þar segir um það efni „Með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar sem er meðal annars mat á ársleigu framlengds leigusamnings skv. 13. gr. laga nr. 75/2008, kaupverði lóðar skv. 15. gr., innlausn og hvert skuli vera innlausnarverð fyrir mannvirki leigutaka og eflir atvikum um fjárhæð greiðslu sérstakra bóta eða lækkun innlausnarverðs vegna ástands lóðar í samningslok skv. 14. gr. er nauðsynlegt að skipa fasteignasala í nefndina. Reikna má með að það sem hér hefur verið talið upp verði þeir þættir sem oftast munu koma til álita nefndarinnar í framtíðinni og því er mikilvægt að sá aðili sem þekkir vel til eðlis og þróunar fasteignamarkaðarins sitji í nefndinni, a.m.k. ef gera má ráð fyrir að frístundahúsamál verði hlutfallslega mörg þeirra mála sem berast hinni nýju nefnd.“

Landssamband sumarhúsaeigenda er reiðubúið að senda fulltrúa á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst



Sveinn Guðmundsson, hrl.